
1. – 4. BEKKUR

1 BEKKUR ath

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

2 BEKKUR

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- unnið eftir einföldu ferli
- unnið einföld verkefni í hópi
- gengið frá eftir vinnu sína

HANDVERK

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

UMHVERFI

- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

KENNSLUÆFERÐIR

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

HELSTU VIÐFANGSEFNI OG VERKEFNI

Farið er yfir öryggismál í textílstofunni þar sem er til dæmis fjallað um heit straujárn, beitt skæri, nálar og önnur áhöld. Fjallað um nýtingu efna og nemendur læra helstu heiti verkfæra, áhersla er á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra. Unnið er með filtefni og garn og skapaðar ýmsar fígúrir eftir eigin hugmyndum nemenda, notast er við við frumformin, litafræði, einnig unnið með krosssaum, þæfing á ullarkembum, þjálfun í að klippa efni og þræða grófa nál.

3 BEKKUR

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- gengið frá eftir vinnu sína,

- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,

HANDVERK

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,

UMHVERFI

- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína

KENNSLUAÐFERÐIR

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

HELSTU VIÐFANGSEFNI

- Nemendur nota helstu verkfæri greinarinnar og læra að beita réttum vinnuaðferðum. Þeir læra um efnivið og helstu verkfæraheiti. Lögð er áhersla á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra.
- geti sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt, geti notað ný og endurunnin efni í textílvinnu,
- kynnist saumavél og prófi að sauma beina sauma, læri að skilja grunnhugtök í vélsaumi,
- læri einfaldar sporgerðir í útsaumi, skreyti textílvinnu á einfaldan hátt,
- kynnist þrjónaskap og helstu hugtökum í þrjóni.
- Helstu verkefni: Einföld flíshúfa, teikna einfalda mynd í tengslum við samfélagsfræði og hún saumuð með einföldum útsaumssporum. Geri einfaldar fígúrur úr þrjónlesi.

4 BEKKUR

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- gengið frá eftir vinnu sína,
- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar,
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,
- lagt mat á eigin verk.

HANDVERK

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,

UMHVERFI

- sýnt góða nýtingu efna sem unnið er með
- beitt líkamanum rétt við vinnu

KENNSLUÆFERÐIR

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

HELSTU VERKEFNI

- Nemendur nota helstu verkfæri og læra að beita réttum vinnuáferðum. Þeir læra um efnivið og helstu verkfæraheiti, Lögð er áhersla á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra.
- Geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, hagnýti þá leikni sem þeir hafa öðlast í fyrri verkefnum.
- geti unnið úr nokkrum gerðum textílefna,
- þjálfist í að prjóna garðapryjón, læri að fitja upp og fella af í prjóni.
- Geti skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,
- geti gengið frá eftir vinnu sína.
- Helstu verkefni: Pryjónaverkefni, garðapryjónsstykki, kennt að fitja upp og fella af, saumaður bangsi/figúra eftir eigin teikningu, kenndar áferðir við sniðagerð og að leggja snið rétt á efnið, tækniugtök kennd. Saumavélanotkun.

5 BEKKUR

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk
- sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- hagnýtt þekkingu sem hann hefur öðlast
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,

HANDVERK

- valið og notað efni á réttan hátt
- geti valið helstu verkfæri og mælitæki sem henta

UMHVERFI

- hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í textílstofunni,
- sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum

KENNSLUÆFERÐIR

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

HELSTU VIÐFANGSEFNI

- Nemendur nota helstu verkfæri og læra að beita réttum vinnuáferðum. Þeir læra um efnivið og helstu verkfæraheiti, Lögð er áhersla á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra.
- Geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, hagnýti þá leikni sem þeir hafa öðlast í fyrri verkefnum.
- beiti grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar, fjalli um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni og noti endurnýtt og ný textílefni við vinnu sína.
- geti unnið úr nokkrum gerðum textílefna og noti fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.
- Helstu verkefni: vélsaumur: saumaður ormur úr afgangsefnum. Þrjón: Þrjónaðar griplur eftir ákveðnum leiðbeiningum þar sem þau læra að gera brugðna lykkju.

6 BEKKUR

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,
- hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði,

HANDVERK

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,

UMHVERFI

- hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í stofunni,

KENNSLUÆFERÐIR

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

HELSTU VERKEFNI

- Nemendur nota helstu verkfæri og læra að beita réttum vinnuáferðum. Þeir læra um efnivið og helstu verkfæraheiti, Lögð er áhersla á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra.
- Geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, hagnýti þá leikni sem þeir hafa öðlast í fyrri verkefnum.
- Beiti grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar, vinni með einföld snið og uppskriftir,
- Þrói eigin hugmyndir í textílverk og vinni eftir ferli, noti fjölbreyttar aðferðir við skreytingar,
- Helstu verkefni: Þrjúnað húfa þar sem þau nota áður lærða tækni og hún útfærð á ýmsan hátt. Vélsaumur: Saumuð slanga úr efnisafgöngum.

7 BEKKUR

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni
- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir
- gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni greinarinnar

HANDVERK

- gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er.

HÖNNUN OG TÆKNI

- útfært snið af einfaldri flík með máltöku og verkferlislýsingu.
- unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð

KENNSLUAÐFERÐIR

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott.

HELSTU VERKEFNI

- Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og upprifjun á notkun helstu verkfæra í stofunni.

- geti þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,
- noti fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,
- nýti helstu miðla til að afla upplýsinga sem nýtast við verkefnavinnu, skilji vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.
- Beiti helstu tækni sem námsgreinin býr yfir. Þekki helstu hugtök greinarinnar.
- Sýni ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Leggi mat á eigin verk og sýni skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- Helstu verkefni: vélsaumur: sníðagerð, sauma náttbuxur úr flónelefni. Þrjón : Velji þrjónaverkefni þar sem þau nýta fyrri kunnáttu og bæti við. Útsaumur: Púði.

8. – 10. BEKKUR VALGREIN

SAMEIGINLEG VIÐMIÐ FYRIR LIST OG VERKGREINAR

- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði
- skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga
- beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt
- sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir

HANDVERK

- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi
- sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra

HÖNNUN OG TÆKNI

- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu

UMHVERFI

- greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval
- beitt viðeigandi vinnustellingum
- Kennsluaðferðir

Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

NÁMSGÖGN

Efni og verkefni frá kennara, stuðst er við handbækur, snið og uppskriftir greinarinnar og veraldarvefinn þegar það á við. Í stofunni er nokkuð góð efnisveita og úrval námsgagna er gott. Nemendur hanna sjálfir og koma með eigin hugmyndir.

HELSTU VIÐFANGSEFNIN

- Í valgreininni er efnis og verkefnaval að mestu frjálts, nemendur fá að vinna verkefni eftir áhuga en þó innan skynsamlegra marka hvað varðar efnistöku, færni, umfang og efniskostnað. Leitast er við að koma til móts við væntingar og óskir nemenda, þeir fá aðstoð eftir þörfum en lögð er áhersla á að þeir nýti tímann vel og vandi vinnuna.